

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Samþykkt í september 2020
Ábyrgðaraðili: Framkvæmdastjóri

1. Inngangur

Stefna þessi setur fram viðmið Kviku eignastýringar hf., kt. 520506-1010 (hér eftir „Kvika eignastýring“ eða „félagið“) um ábyrgar fjárfestingar með hliðsjón af reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. United Nations Principles for Responsible Investments (hér eftir „UN PRI“)). Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að tekið sé mið af umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS) við fjárfestingarákvarðanir með það að markmiði að draga úr áhættu og skila sjálfbærri ávöxtun til langs tíma. Áherslur á þessa þætti eiga við í öllu fjárfestingarferlinu frá athugun á fjárfestingarkostum, í áreiðanleikakönnun og yfir eignarhaldstímamann.

Kvika eignastýring leggur áherslu á langtímahugsun og jákvæð langtímaáhrif á samfélagið. Kvika eignastýring trúir því að sjálfbær rekstur fyrirtækja og sjóða sé líklegri til að viðhalda góðri rekstrarafkomu til framtíðar. Fjárhagslegur ávinningur af samfélagslegri ábyrgð getur verið mikill en rannsóknir hafa sýnt að áhersla á UFS þætti getur haft jákvæð áhrif á bæði vöxt félaga og arðsemi og dregið úr rekstrar- og lagalegri áhættu.

Kvika eignastýring hefur sótt um undirritunaraðild að UN PRI og mun félagið þar með skuldbinda sig opinberlega til að innleiða meginreglur þeirra í starfsemi sinni. Þar að auki er Kvika eignastýring stofnaðili að IcelandSIF, samtökum um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi. Tilgangur samtakanna er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga og auka umræður um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

2. Markmið stefnunnar

Í stefnunni eru skilgreind viðmið í þeim tilgangi að gera Kviku eignastýringu kleift að samþætta samfélagsábyrgð við núverandi verkferla þegar fjárfestingarákvarðanir eru teknar. Kvika eignastýring tekur tillit til þessara þátta að því marki sem rúmast innan fjárfestingarmarkmiða félagsins.

Til að ná markmiðum um ábyrgar fjárfestingar mun Kvika eignastýring leitast eftir því að fylgja eftir sex meginreglum UN PRI:

1. Við munum taka mið af UFS við greiningu fjárfestingarkosta og við ákvörðunartöku;
2. Við ætlum að vera virkur eigandi sem tekur tillit til UFS bæði í eigendastefnum og í verki;
3. Við munum kalla eftir viðeigandi upplýsingagjöf um UFS frá aðilum sem við fjárfestum í;
4. Við munum beita okkur fyrir viðurkenningu á og innleiðingu þessara meginreglna í fjárfestingastarfsemi;
5. Við munum vinna saman að því að efla árangur við innleiðingu meginreglnanna; og
6. Við skilum skýrslum um starfsemi okkar og upplýsum um árangur við innleiðingu meginreglnanna.

3. Framkvæmd ábyrgra fjárfestinga

Stefna þessi tekur til fjárfestinga, eftirfylgni þeirra auk mótunar og endurskoðunar á fjárfestingarstefnu Kvikú eignastýringar. Fjárfestingarákvarðanir Kvikú eignastýringar byggja á lögum, reglum og innri verklagsreglum. Einnig er stuðst við útgefnar reglur á alþjóðavettvangi, s.s. meginreglur UN PRI um ábyrgar fjárfestingar.

Við eigna- og sjóðastýringu skulu allar fjárfestingarákvarðanir teknar með hagsmuni fjárfesta að leiðarljósi. Við mat á fjárfestingarkostum skal tekið tillit til UFS þátta við greiningar með það að markmiði að lágmarka áhættu án þess að fórnarlegum hagsmunum viðskiptavina.

Við mat á sérhæfðum fjárfestingakostum gefst kostur á að gera ítarlegri úttekt á UFS þáttum í áreiðanleikakönnun, yfir eignarhaldstímamann og við sölu. Fyrir fjárfestingu skal lögð áhersla á að skoða helstu áhættuþætti út frá UFS mælikvörðum. Yfir eignarhaldstímamann beita sjóðirnir sér fyrir því að nýta tækifæri til verðmætasköpunar með því að innleiða ábyrga stjórnarhætti og bæta úr UFS þáttum þar sem betur má fara. Þannig má draga markvisst úr rekstraráhættu og styrkja ímynd félaganna fyrir sölu.

4. Upplýsingagjöf

Stjórn Kvikú eignastýringar skal endurskoða stefnu þessa reglulega eftir því sem tilefni gefst til. Framkvæmdastjóri Kvikú eignastýringar ber ábyrgð á að henni sé framfylgt í starfsemi félagsins og að hún sé endurskoðuð reglulega. Kvikú eignastýring mun gefa út samfélagsskýrslu árlega þar sem fjallað verður hvernig félagið hefur beitt sér og náð árangri í ábyrgum fjárfestingum og niðurstöður gagnsæis- og matskýrslna UN PRI birtar.

Þannig samþykkt af stjórn Kvikú eignastýringar hf. þann 4. september 2020